

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 1. júní 2021.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Árni Steinar Stefánsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á fyrri störfum til hækkunar persónuálags vegna starfsaldurs 2105013SA

Erindi frá stéttarfélagi vegna ágreinings við sveitarfélag um túlkun á gr. 1.4.1 í kjarasamningi SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar segir að við útreikning tímakaups skuli jafnframt taka mið af persónuálagi viðkomandi starfsmanns sbr. gr. 1.1.1 og 10. kafla eftir því sem við á.

Fulltrúar sveitarfélagsins hafa hafnað að meta fyrri störf félagsmanns stéttarfélagsins á leikskóla í Danmörku og á leikskóla í Garðabæ sem sambærilegt starf hjá sveitarfélaginu sem „Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk II“ skv. starfsmati.

Óskað er eftir því að samstarfsnefndin skeri úr um hvort þessi fyrri störf starfsmannsins séu sambærileg við núverandi starf hans og eigi því að vera metin til starfsaldurs og hækkunar á persónuálagi.

Niðurstaða:

Málið rætt og afgreiðslu frestað meðan beðið er skiflegs rökstuðnings sveitarfélagsins.

2. Launadreifing skólaliða 2105014SA

Erindi frá Samstöðu þar sem uppi er ágreiningur við sveitarfélag um útreikning starfshlutfalls skólaliða í launadreifingu.

Niðurstaða:

Fulltrúar SGS knntu málið. Fulltrúi SNS fór yfir og útskýrði útreikninga á launadreifingu starfsmannsins. Málið rætt og afgreiðslu frestað.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.